



DEILISKIPULAG FYRIR NÚVERANDI VIRKJANIR Á ÞJÓRSÁR- TUNGNAÁRSVÆÐINU

Skipulagslýsing

22.03.2022



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

1611-303-01-SKL-001-V01

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Virkjanir	5
2.1.1	Búðarhálssstöð	5
2.1.2	Hrauneyjafosstöð	6
2.1.3	Sigöldustöð	7
2.1.4	Vatnsfellsstöð	8
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna	8
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
2.2.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032	9
2.2.3	Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028	10
2.2.4	Deiliskipulag	11
2.2.5	Þjóðlenda	11
2.2.6	Deiliskráning fornminja	12
2.2.7	Mannvirkjaskráning	12
3	DEILISKIPULAG	12
3.1	Markmið	12
3.2	Mannvirki og fyrirhugaðar framkvæmdir	13
3.3	Samgöngur	13
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	13
4.1	Matsskylda	14
4.2	Umhverfispættir og áherslur	14
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	15
5.1	Umsagnaraðilar	15
5.2	Samráð	16
5.3	Auglýsing og staðfesting skipulaga	16

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags fyrir núverandi virkjanir á Þjórsár- Tungnaárvæðinu. Unnið verður deiliskipulag fyrir eftirtaldar virkjanir; Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð ásamt Vatnsfellsveitu. Auk þess verður gerð breyting á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar.

Mannvirki Hrauneyjafossstöðvar og Sigöldustöðvar eru í Ásahreppi og Rangárþingi ytra. Mannvirki Vatnsfellsstöðvar og Vatnsfellsveitu eru í Ásahreppi. Það svæði sem deiliskipulagsbreyting fyrir Búðarhálsstöð nær yfir er í Ásahreppi.

Deiliskipulögin og deiliskipulagsbreytingin er unnið fyrir framkvæmdaraðila sem er Landsvirkjun, með heimild sveitarfélaganna tveggja, í samræmi við 38. gr. skipulagslaga. Ráðgjafi við skipulagsvinnuna er EFLA verkfræðistofa. Deiliskipulögin snúast um að staðfesta núverandi landnotkun og heimila aflaukningu Hrauneyjafoss-, Sigöldu- og Vatnsfellsstöðva. Gera þarf ráð fyrir stækkun stöðvarhúss Sigöldustöðvar og breikkun frárennisskurðar næst stöðvarhúsi. Gera þarf breytingu á deiliskipulagi Búðarhálsstöðvar þar sem hluti af mannvirkjum Hrauneyjafossstöðvar, stöðvarhús og frárennisskurður, er innan þess skipulagssvæðis.

1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing er sett fram í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 5.2.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnun og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.


2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár eru sex vatnsaflsvirkjanir: Búrfellsvirkjun syðst, þá Sultartangavirkjun, Búðarhálsvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun og Vatnsfellsvirkjun nyrst. Samanlagt afl þeirra er 935 MW.

2.1 Virkjanir

2.1.1 Búðarhálstöð


Búðarhálstöð var gangsett árið 2014. Uppsett afl hennar er 95 MW og í fullum afköstum vinnur hún um 585 GWst/ári. Lón Búðarhálstöðvar, Sporðöldulón, er myndað með stíflu sem þverar farveg Köldukvíslar og annarri sem beinir frávatni Hrauneyjafossstöðvar í Sporðöldulón. Lónið er 7 km². Frá Sporðöldulóni liggja 4 km löng jarðgöng sem leiða vatnið gegnum Búðarhál að inntaki stöðvarinnar.



MYND 1. Mannvirki Búðarhálstöðvar.

2.1.2 Hrauneyjafossstöð


Hrauneyjafossstöð er vatnsaflsvirkjun sem var tekin í notkun árið 1981. Stöðin nýtir 88 m fallhæð við Hrauneyjar. Stærð virkjunar er 210 MW. Virkjunin nýtir vatn úr Tungnaá og Þórisvatni. Tungnaá var stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og gerð lágreist jarðvegs- og grjótstífla sem myndar Hrauneyjalón. Lónið er 9,0 km². Úr því liggur um 1 km langur aðrennslisskurður að inntaki við norðurbrún Fossöldu. Frárennslisskurður er um 1 km langur og liggur í Sporðöldulón.



MYND 2. Mannvirki Hrauneyjafossstöðvar.

2.1.3 Sigöldustöð


Sigöldustöð var tekin í notkun árið 1978. Uppsett afl stöðvarinnar er 150 MW og orkuvinnslugeta 920 GWst/ári. Krókslón er miðlunarlón stöðvarinnar og er það um 14 km², myndað með stíflu í gljúfri Tungnaár ofan við Sigöldu. Úr Krókslóni er vatni veitt eftir aðrennslisskurði að inntaki á vesturbrún Sigöldu. Heildarfallhæð er 74 m. Frá Sigöldustöð er vatninu veitt um frárennslisskurð í Hrauneyjalón.



MYND 3. Mannvirki Sigöldustöðvar.

2.1.4 Vatnsfellsstöð

Vatnsfellsstöð var tekin í notkun árið 2001. Uppsett afl stöðvarinnar er 90 MW. Orkuvinnslugeta er 490 GWst/ári. Vatnsfellsstöð nýtir 65 m fallhæð í veituskurðinum milli Þórisvatns og Krókslóns. Virkjunin er í rekstri þegar vatni er miðlað úr Þórisvatni. Vegna þessa er ekki þörf á miðlunarlóni fyrir virkjunina. Inntakslón virkjunarinnar er 0,6 km².



MYND 4. Mannvirki Vatnsfellsstöðvar og Vatnsfellsveita.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggja örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum.

2.2.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032


Í gildi er Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Endurskoðað aðalskipulag er í auglýsingaferli.

Í aðalskipulaginu eru eftirfarandi markmið:

- Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis.

TAFLA 1. Iðnaðarsvæði.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
14	Búðarhálsvirkjun og Sporðöldulón	Stöðvarhús, inntakshús, tengivirki, Sporðöldulón og stífla, botnrás, yfirfall og inntak í lóninu. Uppsett afl er allt að 95 MW, heimilt er að stækka virkjunina í 120 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Stærð Sporðöldulóns er um 7 km ² og er vatni veitt um aðrennslisgöng undir Búðarháls að virkjuninni. Afrennsli fer í Sultartangalón. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Svæðið er tvískipt. Svæðið er deiliskipulagt.	14
15	Hrauneyjafoss-virkjun	Stöðvarhús, inntak, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Hrauneyjalón, stífla, yfirfall og botnrás, tengivirki. Virkjunin er 210 MW og er heimilt að stækka hana í 240 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Hrauneyjalón er um 9 km ² . Frárennsli virkjunarinnar er veitt um skurð í Sporðöldulón. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækkun virkjunarinnar. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	7
16	Sigölduvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Krókslón, stífla og botnrás. Sigöldulón er um 13 km ² . Frá því er vatni veitt um aðrennslisskurð og göng að stöðvarhúsi. Frárennsli fer um skurð í Hrauneyjalón. Virkjunin er 150 MW og er heimilt að stækka hana í 170 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækkun virkjunarinnar. Heimilt er að endurnýja tengivirki Sigölduvirkjunar og byggja yfir það. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	5
17	Vatnsfellsvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Vatnsfellslón, stífla, yfirfall og botnrás. Vatnsfellslón er um 0.6 km ² . Virkjunin er á veituleið milli Þórisvatns og Sigöldu. Uppsett afl er allt að 90 MW og er heimilt að stækka hana í 110 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum. Um er að ræða framkvæmd innanhúss. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Heimilt er að byggja yfir tengivirkið. Svæðið er tvískipt.	5
18	Þórisvatnsmiðlun	Stífla og lokuvirki í frárennslisskurði sunnan Þórisvatns. Stífla við Þórisós. Þórisvatn er um 92 km ² í fullri stærð. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum. Austasti hluti Þórisvatns nær til Rangárþings ytra.	1




MYND 5. Hluti af Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032, sem er í skipulagsferli.

2.2.3 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Miðlunarlón nokkurra virkjana eru að hluta til á Landmannaafretti, þ.e. Hrauneyjalón, Krókslón, Þórisvatn og Sultartangalón. Jafnframt yfirfall, stíflur og leiðigarðar tengdri Krókslóni.

NR	HEITI	LÝSING	SVÆÐI
I20	Yfirfall Krókslóns	Yfirfall, stíflur og leiðigarðar Krókslóns. Stærð svæðis er um 1 ha.	Afréttur
	Hrauneyjalón	Hrauneyjalón er miðlunarlón Hrauneyjafossvirkjunar. Stærð lónsins er 9,0 km ² . Stífla Hrauneyjalóns er að stórum hluta í Rangárþingi ytra.	Afréttur
	Krókslón	Krókslón er miðlunarlón Sigölduvirkjunar. Stærð lónsins er 14 km ² . Stífla Krókslóns er að stórum hluta í Rangárþingi ytra.	Afréttur



MYND 6. Hluti af Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028.

2.2.4 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Búðarhálsstöð er frá því í júní 2001. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á því. Ekki eru í gildi deiliskipulög fyrir aðrar stöðvar.

2.2.5 Þjóðlenda

Virkjanir og veitur á Þjórsár-Tungaársvæðinu eru innan þjóðlenda.

Þjóðlendar eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendar gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendar og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta¹.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlenda. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlenda er samstarfsnefnd um málefni þjóðlenda.

Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

¹ (Alþingi Íslands 1998).

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlenda sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

2.2.6 Deiliskráning fornminja

Deiliskráning fornminja fór fram haustið 2021 og var unnin af Fornleifastofnun Íslands. Engar minjar fundust innan skipulagssvæðisins².

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.2.7 Mannvirkjaskráning

Lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015, gera ráð fyrir að stuðlað verði að vernd og varðveislu bygginga sem hafa sögulegt gildi. Í gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð segir: *„Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar“.*

Unnin hefur verið mannvirkjaskráning (sambærileg við húsakönnun) fyrir stöðvarnar. Í deiliskipulagi verður gerð grein fyrir niðurstöðu hennar og skoðað hvort ástæða er til að setja skilmála um byggingar til að stuðla að vernd og varðveislu þeirra á grunni skráningarinnar.

3 DEILISKIPULAG

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.1.2 segir að deiliskipulag skuli gera fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og skuli jafnan miða við að það taki til svæða sem mynda heildstæða einingu. Deiliskipulag skal byggt á stefnu aðalskipulags. *„Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir og settir skilmálar um byggðamynstur, mannvirki, landnotkun og nýtingu, vernd o.fl. eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags“* skv. gr. 5.1.3.

3.1 Markmið

Deiliskipulögunum og deiliskipulagsbreytingunni er ætlað að setja ramma utan um starfsemi hvernar virkjunar og viðhald þeirra til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag. Deiliskipulögin snúast um að staðfesta núverandi landnotkun.

² (Kristjana Vilhjálmsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021).

Markmið Landsvirkjunar með gerð deiliskipulags fyrir Hrauneyjafosstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð og deiliskipulagsbreytingu fyrir Búðarhálsstöð:

- Hafa gildandi deiliskipulag fyrir hverja stöð.
- Skilgreina aðskildar lóðir fyrir starfsemi Landsvirkjunar og Landsnets, þar sem það á við.
- Tryggja örugga umgjörð um aðgengi að svæðinu.
- Setja inn heimildir fyrir meiri raforkuframleiðslu í Hrauneyjafosstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellsstöð.

Gerð verður grein fyrir innviðum og háspennulínunum.

3.2 Mannvirki og fyrirhugaðar framkvæmdir

Gerð verður grein fyrir núverandi mannvirkjum, afmarkaðar lóðir og skilgreind svæði vegna starfsemi Landsvirkjunar og Landsnets. Settir verða skilmálar fyrir viðhald eða breytingar á núverandi mannvirkjum.

Í Hrauneyjafosstöð og Vatnsfellsstöð kallar meiri raforkuframleiðsla á breytingar innanhúss.

Fyrirhuguð stækkun Sigöldustöðvar gengur út á að bæta fjórðu vélasamstæðunni við núverandi stöðvarhús. Í dag skilar stöðin 150 MW afli en með stækkuninni eykst aflið í 200 MW. Möguleiki er á að um verði að ræða fleiri minni vélar frekar en eina stóra og hugsanlega verður aflaukning um 65 MW (eins og fjallað er um í rammaáætlun 4) eða í alls 215 MW.

Við byggingu Sigöldustöðvar var gert ráð fyrir fjórðu þrýstipípunni. Í þeim tilgangi var byggður steypur stökkur undir inntaksstífluna. Fyrir viðbótar vél/vélar verður ný pípa lögð í þennan stökk. Núverandi stöðvarhús er mikið niðurgrafið en er af ofanjarðargerð. Til að koma fjórðu vélinni fyrir þarf að lengja húsið um allt að 30 m en það er tæplega 70 m langt í dag. Einnig er til skoðunar að í stað þess að byggja við núverandi hús verði byggt nýtt minna hús undir viðbótar vél/vélar. Breikka þarf frárennslisskurðinn næst stöðvarhúsinu. Breikkun skurðarins endar í 200 m fjarlægð frá aflvélum en heildarlengd skurðarins er um 550 m.

Stækkun Sigöldustöðvar er umhverfismatsskyld og þarfnast umfjöllunar í rammaáætlun. Skilmálar í deiliskipulagi verða settir fram með þeim fyrirvara.

3.3 Samgöngur

Samgöngur að og innan skipulagssvæða verða yfirfarnar. Gerð verður grein fyrir vegum fyrir almenna umferð, vinnuvegum vegna viðhalds á mannvirkjum, göngu- og reiðleiðum, eftir því sem við á.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálftrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

4.1 Matsskylda

Bygging orkuvera með 10 MW uppsett rafafli eða meira er háð mati á umhverfisáhrifum (liður 3.02) skv. viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með gerð deiliskipulaga og breytingu á deiliskipulagi er verið að staðfesta núverandi landnotkun, og heimila meiri raforkuframleiðslu. Stækkun Sigöldustöðvar um 50-65 MW er umhverfismatsskyld.

4.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í sömu töflu. Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Í deiliskipulagi verður heimiluð meiri raforkuframleiðsla í stöðvunum og eftir atvikum settir skilmálar um verndun og viðhald núverandi mannvirkja út frá niðurstöðu mannvirkjaskráningar. Stefnan verður borin saman við núll kost sem er núverandi staða.

TAFLA 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag. Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð. Jarðmyndanir. Jarðvegur – jarðvegsrof. Viðerni. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. - Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. - Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á viðerni og óbyggðaupplifun.	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Skerðir stefnan viðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. - Virkjanir taki tillit til umhverfisins og rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. Öll mannvirki á hálendi skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.	
Samfélag <i>Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. - Stefna um stækkun núverandi virkjana. Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana. - Orkulindir verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna.	Stuðlar stefnan að frekari raforkuframleiðslu? Stuðlar stefnan að betri nýtingu á núverandi virkjana- og veitumannvirkjum?
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Hverfisvernd. Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032. - Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar, menningarminja og sögu.	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun deiliskipulagstíllögu.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulagslýsingin verður auglýst á heimasíðu skipulagsfulltrúa <http://www.utu.is/> og <https://www.ry.is/>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu sveitarfélaganna.

5.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landgræðslan
- Skógræktin

5.2 Samráð

Deiliskipulagstillögur verða unnar í samráði verkkaupa og sveitarfélaganna. Á vinnslutíma mun tillagan verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórnunum. Samráð verður haft við Forsætisráðuneytið þar sem svæðið er innan þjóðlendu.

5.3 Auglýsing og staðfesting skipulaga

Deiliskipulagstillögur fyrir Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð, Vatnsfellsstöð og Vatnsfellsveitu verða unnar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting fyrir Búðarhálstöð verður unnin skv. 43. gr. skipulagslaga.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillögur verði auglýstar sumarið 2022 og taki gildi í lok árs 2022.